

Kæru útskriftarnemar/nýstúdentar, kennarar og aðrir gestir.

Ísabella Una heiti ég og eru 5 ár síðan ég lauk stúdentprófi á náttúrufræðibraut hér í FSN. 5 ára stúdentsafmæli eru skemmtileg tímamót og það er heiður að vera hér í dag.

Þegar ég hugsa um tíman minn hér í Grundafirði þá stendur alltaf upp úr hvað það var gaman að stunda nám hérna. Það að geta stundað gott nám í litlum skóla er vanmetið. Hér í FSN er lögð mikil áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir, allt frá ritgerðarskrifum og yfir í að föndra spil.

Kennslan hér er líka persónuleg, þú varst ekki einhver kennitala á blaði sem ég kunni mjög mikið að meta og það skipti ekki máli hvaða tími dags var, þú gast alltaf fengið hjálp með verkefnin. Svo má ekki gleyma félagslífið og starf nemendafélagsins sem gerði tíman hér í grundarfirði ógleymanlegan. Einnig tók ég þátt í Erasmus verkefnum FSN og á nokkrar góðar og eftirminnanlegar útlandaferðir að baki, þær voru skemmtilegar Sólrún!!

Þegar ég var að ljúka mínu þriðja og síðasta ári þá skall á Kórónuveirufaraldurinn í fyrsta sinn. Þá voru fyrstu takmarkanir settar sem voru tveggja vikna samkomubann og við fyrstu hugsaði maður “jesss fæ að sofa út í tvær vikur” en þökk sé tækni kunnáttu FSN þá var mætt strax kl 8:30 á mánudeginum á teams, bara alveg eins og hver annar óveðursdagurinn.

En ég svo heppinn að það kom hlé á samkomubanni og ég fékk að standa við útskriftarathöfn með samnemendum mínum, líkt og þið gerið í dag.

Eftir að ég útskrifaðist frá FSN, þá flutti ég suður og hóf nám í Líffræði við Háskóla Íslands. Ég útskrifaðist með BS gráðu í Líffræði sumarið 2023. Beint eftir útskrift þá flutti ég heim á Hellissandi og starfaði sem Líffræðingur í Snæfellsþjóðgarði ásamt því að stunda grunnnám í sjúkraflutning sem ég lauk í desember 2023. Í dag er ég búsett í Ólafsvík og starfa sem sjúkraflutningamaður og sem stuðningsfulltrúi í Grunnskóla Snæfellsbæjar, og stefni á að hefja Mastersnám í kennslu náttúrugreina í haust.

Í þessum skóla lærði ég sjálfstæð vinnubrögð, fékk svigrúm til að skipuleggja námið mitt sjálf og lærði að vinna í hóp með öðrum. Sú reynsla að hafa skipulag á þeim verkefnum sem maður áttu að gera var mjög dýrmæt þegar ég byrjaði í háskólanum. Ég lærði jafnt og þétt yfir önnina, setti mér vikuleg markmið sem skilaði mjög góðum árangri þegar það kom að stóru lokaprófunum

. Það var umræðuefni í vinahópnum mínum hvað það er góður kostur að koma úr skóla sem er byggður upp á símati, þá bíðuru ekki með að opna bókina og ætlar þér að læra allt námsefnið viku fyrir próf. Einnig þótti samnemendum mínum mjög áhugavert þegar ég dró upp spilin sem ég bjó til úr námsefninu, sem var spilað að krafti fyrir lokapróf (ég hélt ég myndi aldrei segja þetta en öll spilin sem við föndruðum sem lokaverkefni í ensku hjá Hadda og Lofti, þau komu sér vel að notum).

Ég saknaði fljótt persónulegu kennslunar þegar ég hóf nám í Háskólanum. Þegar ég var á lokaárinu mínum hér í FSN þá átti ég erfitt með að átta mig á hvað ég skyldi gera næst. Hugur minn lá í átt að raungreinum og Árna líffræðikennara tókst að vekja áhuga minn á Líffræði. Ég á honum mikið að þakka fyrir góðan undirbúning fyrir komandi ár í háskólanum, enda sást hvað hann naut þess að kenna okkur um hinar ýmsu greinar líffræðinnar og gerði það vel.

Kæru útskriftarnemar, til hamingju með stóra áfanga sem þið eruð að fagna nú í dag. Nú veltið þið líklegast fyrir ykkur hvað tekur við?.

Ég hvet ykkur til að sækja frekari menntun, hvort sem það er í haust eða eftir nokkur ár. Ég hvet ykkur líka til að ferðast og skoða heiminn. Ég hvet ykkur til að prófa einhvað nýtt, ef það er einhverntíman, þá er það núna. Svo er líka alltaf hægt að snúa til baka, það er alltaf hægt að skipta um skoðun.

Það er engin bein braut, engin ein leið sú rétta, munið bara að lífið er núna og verið tilbúin að stökkva þegar tækifærin berast.

